

Mínir peningar, minn hagur

Huginn leggst alfarið gegn tvísköttun og má þar nefna fasteignaskatt og annan eignaskatt. Margskattlagning á sama andlagi er eignaupptaka.

Huginn mælir fyrir einföldu og skilvirku skattkerfi. Afnema ber persónuafslátt og taka upp flata skattprósentu. Eðlilegt er að skattprósenta lækki umtalsvert við þessar breytingar. Persónuafsláttur er vinnuletjandi, stuðlar að skattsvikum, flækir skattkerfið og gerir það kostnaðarsamra.

Huginn leggur til að farnar verið aðrar leiðir til innheimtu í stað nefskatts. Eðlilegast er að einstaklingar greiði sjálfir fyrir þá þjónustu sem þeir nýta sér. Með nefskatti er vegið að kostnaðarvitund skattreiðenda. Þannig fordæmir Huginn fyrirhugaðar breytingar á innheimtu afnotagjalda Ríkisútvarpsins og alla aðra innheimtu í formi nefskatts.

Huginn telur að tollar og vörugjöld sporni gegn frjálsri samkeppni. Neyslustýring og framleiðsluvernd í formi tolla og vörugjalda skerðir hag neytenda. Engin ástæða er til annars en að treysta neytendum fyrir þeirra eigin vöruvali. Huginn hvetur stjórnvöld til að fjölga fríverslunarsamningum við önnur ríki.

Huginn er fylgjandi aukinni einkavæðingu og einkarekstri á sem flestum sviðum samfélagsins. Einkavæðing hefur skilað aukinni verðmætasköpun, hagræðingu og bættri þjónustu. Huginn mótmælir rekstrarforminu opinbert hlutafélag.

Huginn telur að auka eigi vægi þjónustugjalda á kostnað skatta þar sem það á við. Þjónustugjöld er sanngjörn leið til innheimtu gjalda. Með því að einstaklingar greiði fyrir þá þjónustu sem þeir nýta sér kemur um leið krafa um bætta þjónustu. Einstaklingar munu síður nýta sér þjónustu að tilefnislausu með slíku fyrirkomulagi.